

Fyrirlestur um stjórnsýslureglur

Sjö mikilvægar leiðbeiningareglur í samskiptum við stjórnvöld



Mánudaginn 18. október kl. 15:00-17:00 standa SVP-Samtök verslunar og þjónustu fyrir námskeiði um stjórnsýslureglur fyrir skólastjórnendur innan SSSK á 6. hæð, Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35.

Sigurður Örn Guðleifsson lögfræðingur heldur erindi.

Sama námskeið var haldið við góðar undirtektir í mars sl. og voru þátttakendur samdóma um að námskeiðið hefði verið mjög gagnlegt og nýst vel í samskiptum við stjórnvöld. **Þátttaka er ykkur að kostnaðarlausu.** Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfang: svth@svth.iseða í síma 511-3000.

Auglýsing lausra starfa í leikskólum– Starfatorg

Að beiðni stjórnar SSSK sendi SVP erindi til menntamálaráðuneytis þar sem óskað var formlegrar staðfestingar á því hvort það teldist fullnægjandi að auglýsa lausar stöður í leikskólum með því að setja auglýsingu inn á heimasíðu viðkomandi skóla eða á heimasíðu SSSK. Svar ráðuneytisins dags. 9. sept. sl. er á þann veg að auglýsing á vefsíðu skóla eða vefsíðu SSSK teljist fullnægjandi skv. lögum nr. 87/2008. Þó er þess getið að reglur sveitarfélags eða ákvæði kjarasamninga geti geymt frekari fyrirmæli um auglýsingu lausra starfa. Svar menntamálaráðuneytis dags. 9.9.2010 hjálaga.

Í ljósi þessarar niðurstöðu er í undirbúningi sérstök undirsíða “Starfatorg” á vef SSSK.



Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

Fyrir á þessu ári fór stjórn SSSK þess á leit við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að gera úttekt og samanburð á opinberum framlögum til sjálfstætt rekinna skóla og þeirra sem reknir eru af sveitarfélögum. Stjórnarmönnum þótti eftirsóknarvert að óháðir, viðurkenndir aðilar legðu vinnu í útreikninga fyrir SSSK og niðurstöður verða án efa nýttar til þess að vekja athygli á opinberum framlögum og til þess að styrkja stöðu sjálfstætt rekinna skóla. Skýrslan er nú í burðarliðnum. Fyrirhugað er að kynna niðurstöður skýrslunnar fyrir félagsmönnum og um leið vekja athygli á henni í fjölmiðlum. Sú kynning verður auglýst sérstaklega.

Ráðstefna og árshátíð í vor

Fjórða ráðstefna SSSK verður haldin á vori komanda á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Árshátíð samtakanna verður jafnframt haldin í kjölfarið. Búið er að skipa þær Ídu og Sigríði Önnu af hálfu stjórnar í undirbúningsnefnd en Ída mun gegna formennsku. Auk þeirra verða tveir utan stjórnar og hafa Kristín Björk Viðarsdóttir leikskólastjóri Korpukots og Pétur Guðmundsson framkvæmdastjóri Skóla ehf. samþykkt að taka sæti í undirbúningsnefndinni. Staður og námkvæm stund hefur ekki verið ákveðin en hvort tveggja verður auglýst rækilega þegar þar að kemur.